

LOKASKÝRSLA 2018

ÞRÓUN LÆRDÓMSSAMFÉLAGS Í GEGNUM SANDLEIK OG SÖGUGERÐ



VERKEFNISSTJÓRI: MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR
UMS-55

Nafn skóla: Landakotsskóli.

Nafn verkefnisins: Þróun lærdómssamfélags í gegnum *Sandleik og sögugerð*.

Verkefnisstjóri: Margrét Sigurðardóttir grunnskólakennari.

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-55, 2017.

- **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn**

Meginmarkmiðið er að koma á fót skapandi lærdómsteymi í Landakotsskóla og festa það í sessi og í framtíðinni að vinna með áhugasvið kennara sem vilja þróa nýjar leiðir í kennslu. Hugmyndin er að lærdómsteymið leiði og styðji þá þróun.

Annað markmiðið er að þjálfa fimm kennara í aðferðum *Sandleiks- og sögugerðar*.

Þriðja markmiðið er að virkja skapandi þætti hjá nemendum í gegnum *Sandleik- og sögugerð* og um leið að þjálfa nemendur í að segja frá og skrá frásögnina.

- **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðinu**

Tveggja daga námskeið í sandleik var haldið af Kristínu Unnsteinsdóttir fyrir þá kennara sem taka þátt í þessu verkefni auk tveggja annarra kennara sem áhuga höfðu á þessu verkefni, Lillianne van Vorstenbosch sérkennari við Brúarskóla og Svanlaug Thorarensen grunnskólakennari í Ártúnsskóla. Við sóttum auk þess námskeið í Brúarskóla í einn dag þar sem við lærðum að gera smámuni í leir. Áframhaldandi samstarf verður við þessa tvo skóla.

Fimm vinnumatstímar voru haldnir undir handleiðslu Kristínar Unnsteinsdóttur með þátttakendum og ýmsum bekkjardeildum í Landakotsskóla sem gáfu meðlimunum réttindi til að nota aðferðina *Sandleikur og sögugerð* í skólastarfi.

Æfingar fyrir kennarana allan veturinn þar sem nemendum þeirra var boðið að fara í *Sandleik og sögugerð* til Kristínar Unnsteinsdóttur.

Kristín Unnsteinsdóttir (K.U.) vann í hálfu starfi í allan vetur við að taka nemendur reglulega út úr bekkjum sem talið var að hefðu gott af því að vinna í sandleik.

Skipulag á aðkomu nemenda í sandleik og sögugerð

Í upphafi skólaárs var lögð áhersla á að bjóða þeim nemendum í sandleik sem í samráði við umsjónarkennara var talið að aðferðin myndi gagnast sérstaklega vegna tilfinningalegra, félagslegra og/eða námslegra örðugleika viðkomandi. Þegar á leið og tveir kassar höfðu bæst við í sandleiksstofunni (4 í allt), taldi K.U. að jákvætt væri að gefa heilu bekkjardeildunum tækifæri til að koma einu sinni í sandleik (3-4 nemendur í einu).

Ástæðurnar voru einkum þær að hér skapaðist annars vegar tækifæri til að gefa nemendum kost á að prófa aðferðina og skapa þannig aukinn jöfnuð og jafnvel velvilja og skilning gagnvart þeim sem oft komu. Hins vegar taldi K.U. jákvætt og nauðsynlegt að kynna aðferðina myndrænt fyrir bæði kennurum og foreldrum, en í flestum samstarfsbekkjanna voru sandleiksmyndir og sögur kynntar í tengslum við þemavinnuna á foreldrakvöldi. Þar voru myndirnar sýndar á tjaldi og hvert barn sýndi líka möppu með sögunni sinni og mynd/um af sandkassaverkinu.

Eftirfarandi er yfirlit yfir þrenns konar aðkomu nemenda í Landakotsskóla í *Sandleik og sögugerð* hjá K.U.

- a) Nemendur sem komu einslega og reglulega í vetur í sandleik, þ.e. einu sinni í viku yfir löng tímabil
- b) Nemendur sem komu 1-3 saman nokkuð reglulega
- c) Nemendur sem komu 3-4 saman í tengslum við þemavinnu í bekk.

Allir nemendur í 6 bekkjardeildum hafa unnið þannig eða 115 nemendur.

Þess ber að geta að nemendur vinna einslega, hvert í sínum kassa í sandleik.

5 ára:

2 nemendur komu reglulega í vetur (9 skipti; 10 skipti); 4 nemendur (1-2 skipti)

Allur bekkurinn (18 nemendur) komu í sandleik í tengslum við þemað **Risaeðlur**

1. bekkur

1 nemandi kom reglulega í vetur (15 skipti); 5 nemendur (1-4 skipti)

Allur bekkurinn (21 nemendur) kom í sandleik í tengslum við þemað **Bein**

2. bekkur

3 nemendur komu reglulega í vetur (8 skipti; 10 skipti; 13 skipti)

Allur bekkurinn (22 nemendur) komu í tengslum við þemað **Húsdýr**

3. bekkur

3 nemendur komu reglulega í vetur (7 skipti)

Allur bekkurinn (23 nemendur) komu í sandleik í tengslum við þemað **Geimverur**

4. bekkur

2 nemendur komu reglulega í vetur (6 skipti; 15 skipti)

2 nemendur komu með öðrum fastagestinum (3 skipti)

5. bekkur

1 nemandi kom tímabundið reglulega (4 skipti);

4 nemendur (2 skipti) og 8 nemendur (1 skipti)

Allur bekkurinn (21 nemandi) kom í sandleik í tengslum við þemað **Draumar**

6. bekkur

1 nemandi kom reglulega fram að áramótum (10 skipti)

7. bekkur

2 nemendur komu reglulega (4 skipti; 6 skipti)

Alþjóðadeildin IDL-K

2 nemendur komu reglulega í vetur (10 skipti; 15 skipti)

6 nemendur (3 skipti)

Allur hópurinn (11 nemendur) komu í sandleik í tengslum við þemað **Sjávardýr**

Alþjóðadeildin IDL-A og IDL-B

1 nemandi kom reglulega (8 skipti); 2 nemendur (2 skipti)

Þemaverkefni – mengun (2 dagar). Blandaður aldurshópur:

14 börn tóku þátt og gerðu sandleiksverk og sögur. Vegna plássleysis og takmarkaðs fjölda sandkassa unnu nemendur ýmist einslega eða tvö og tvö saman að *Sandleiksgerð og sögu*.

Afrakstur þemaverkefnanna í 5 ára bekk og í 1. bekk var sýndur á bekkjarkvöldum þar sem foreldrum var boðið að koma. Tvær myndir voru teknar af hverjum nemanda, ein af nemandanum við sandkassann og hin af sandkassanum sjálfum. Sagan var skrifuð upp eftir nemandanum, nemandinn æfði sig í að rita söguna og að lesa hana upp. Myndunum var varpað á tjald, nemandinn kynnti verkefnið og æfði sig í framsögn. Mappa var útbúin með afrakstrinum sem nemandinn fór með heim.

Lærdómsteymið hittist á vikulegum fundum 40 mínútur á mánudögum allan veturinn nema í desember og í maí. Fundirnir voru teknir upp og í lok vetrar voru þátttakendur samhuga um að samtal og samráð væri afar styðjandi fyrir kennarana, bæði eflandi og styrkjandi og skapaði vellíðan og samhug í starfi. Greinar og bækur voru lesnar um *Sandleik og sögugerð* og umræður sköpuðust í kringum fræðin en einnig um nemendur og árangur þeirra.

Kynningarfundur á *Sandleik og sögugerð* var haldinn 20. apríl 2018 í sandleiksstofunni þar sem Kristín Unnsteinsdóttir og Margrét Sigurðardóttir umsjónarkennari, Anna Guðrún Júlíusdóttir íslenskukennari tvítyngdra barna kynntu sandleiksverkefnið fyrir sálfræðingi Landakotsskóla Öldu Ingibergsdóttur, auk þess hjúkrunarfræðingur Landakotsskóla, Sólveig Ólafsdóttir, Helga Stefánsdóttir, sérkennari og Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólustjóri Landakotsskóla.

- **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Byrjað var seinna á verkefninu en áætlað var eða í lok september. Annars vegar vegna plássleysis og þurfti að rýma mikið til í því herbergi þar sem sandleikurinn átti að vera, hins vegar fór nokkur tími í að velja og panta sérstaka lokaða skápa undir

munina sem notaðir eru í sandleiknum og reyndust þeir dýrir. Erfitt reyndist að finna bakka undir munina en tókst að lokum. Þessi töf orsakaði m.a. að námskeiðið fyrir kennarana hófst seinna en áætlað var.

- **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Plássleysi er mikið í skólanum okkar og þurfti nokkra útsjónarsemi til að finna verkefninu stað. Ljósritunarvél reyndist léleg og tækjabúnaður var ónógur en síðar var bætt úr því. Smíðaður var nýr sandkassi svo fleiri nemendur gætu unnið saman. Tímaleysi í stundaskrá og óvæntar mannabreytingar settu strik í reikninginn.

Sandleikurinn fer fram þrjá daga í viku á milli 10-14 í annarri af tveimur stofum sem 5 ára börnin, umsjónarkennari þeirra og samstarfsfólk hennar hafa um árabíl haft til umráða. Rýma þarf stofuna á milli 12-12.40 þegar 5 ára börnin leggja sig þar. Hraðar hendur verður að hafa til að gera stofuna klára fyrir hvíldarstundina og stofan er oft ekki aðgengileg fyrr en um 14.30-15 þegar gengið hefur verið frá öllu varðandi sandleikinn. Ástæðan fyrir því að þetta hefur gengið snuðrulaust fyrir sig ber einkum að þakka einstakri velvild og lipurð umsjónarkennar 5 ára barnanna og samstarfsfólks hennar.

Í stofunni hefur munum verið komið fyrir í séstökum skápum sem eru læstir þegar önnur starfsemi en *Sandleikur og sögugerð* fer fram í stofunni.

- **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Nemendur og kennarar, sérkennari og sálfræðingur við skólann hafa sýnt sandleiknum mikinn áhuga auk þess hefur skólastjórinn Ingibjörg Jóhannsdóttir verið frá upphafi áhugasöm fyrir sandleiknum og hafði hún upphaflega forystu um verkefnið. Náin tengsl og traust hefur myndast meðal kennara lærdómsteymisins í vetur. Gleði í starfi og áhugi er fyrir því að halda áfram með sandleikinn. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram hvernig nýta megi sandleikinn inni í kennslustundum til að örva frásagnargleði og frjálsa ritun, þar sem nemendur velja sér muni og spinna út frá þeim. Hugmyndir um að koma fyrir í bakgarði skólans útisandleikskassa eða

kössum þar sem náttúrumunir yrðu notaðir og börnin fengju að vinna verkefni í tengslum við náttúruna.

Það kom okkur á óvart hversu sandleikurinn hæfir breiðum aldurshópi nemenda, allt frá mjög ungum börnum 4-5 ára til nemenda í 4. -5. bekk, sem sýndu stoltum foreldrum afrakstur vinnu sinnar ófeimin með glærum sem varpað var á tjald. Þarna mátti sjá áhugavert ferli ímyndunarafli, sköpunar, sögugerðar, ritunar, framsagnar og hlustunar, þar sem birtingarmyndir afrakstursins runnu átakalaust fram.

Kristín Unnsteinsdóttir segir að einkar ánægjulegt hafi verið að starfa í Landakotsskóla í vetur. Fyrir utan ánægjuna af því að vinna með nemendum hefur henni fundist vega þyngst að vera í sambandi við hóp fjögurra kennara sem hafa sérstakan áhuga á sandleiksaðferðinni, mjög áhugasaman og styðjandi skólastjóra og marga velviljaða kennara sem hafa verið tilbúnir til samstarfs.

Að hennar mati væri áhugavert að gefa einnig eldri nemendum tækifæri til að spreyta sig í *Sandleik og sögugerð* og þróa frekara samstarf við umsjónarkennara og sérkennara skólans þar sem sandleikssögur gætu nýst frekar.

Í 5. bekk kom það umsjónarkennara, Hafdís Harðardóttur, á óvart hve nemendum fannst gaman að vinna með drauma sína í *Sandleik og sögugerð*, þar sem myndum af verkefnum þeirra var varpað á tjald fyrir samnemendur. Verkefnið var vinsælt, það myndaðist öðruvísi andrúmsloft sem einkenndist af ró, næði, öryggi og einlægni. Nemendur fengu að njóta sín og fengu að gera eitthvað alveg sjálfsprottið, án þess að láta stjórnast af öðrum.

Í 1. bekk segir umsjónarkennarinn Hera Sigurðardóttir að nemandi sem er ekki fljótur að lesa vinni sér inn sjálfstraust og styrki styrkleikana sína í sandleiknum. Hjá einum nemanda varð sagan alltaf bitastæðari eftir því sem hún hélt áfram í sandleik. Þar var unnið með bein úr leir sem gaf mikið rými fyrir sögu. Ástæðan fyrir því að unnið var með bein í 1. bekk var sú að nemendur voru að vinna með líkamann.

Anna Guðrún Júlíusdóttir læsissérfræðingur og kennari í íslensku sem öðru máli valdi að vinna með einn nemanda af yngra stigi sem er hæglæs. Henni fannst sjálfstraust nemandans eflast eftir því sem á leið, hann var mjög glaður og áhugasamur í tímunum og var spenntur að koma í tímana, spurði kennarann gjarnan á göngunum hvenær hann kæmi næst í *Sandleik og sögugerð*.

Kennararnir töldu að *Sandleikur og sögugerð* ættu að skarast meira í framtíðinni því það er augljós ávinningur af því sbr. samantektin að ofan. Sandleikurinn gerist af sjálfu sér og kennararnir eru spenntir fyrir samvinnu með K.U. því þetta er áhugavert og skemmtilegt nám sem nýtist vel í kennslu.

- **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Sandleiksverkefnið hefur haft áhrif í þeim bekkjum þar sem umsjónarkennarar lærdómsteymisins starfa. Auk þess hefur reynsla tungumálakennarans Sólveigu Simha, haft þau áhrif að hana langar að prófa þessa kennsluaðferð þar sem hún kennir frönsku. Kennarar í Alþjóðadeild Landakotsskóla hafa auk þess áhuga, Gabriele Renee Guðbjartsson og Estelle Marina Toutain. Í bígerð er að K.U. sjái um kynningu á sandleiksverkefninu með kennurum lærdómsteymisins fyrir kennara Landakotsskóla. Kristín hefur verið ráðin áfram í hálfu starfi næsta vetur við Landakotsskóla sem leiðbeinandi lærdómsteymisins og að taka nemendur í sandleik.

- **Niðurstöður verkefnisins**

-Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins. -Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? -Heldur verkefnið áfram innan skólans?

- Lærdómsteymi hefur verið fest í sessi og mun hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar næsta vetur.
- Lærdómsteymið mun halda áfram að byggja upp þekkingu og kennslu í *Sandleik og sögugerð* með aðstoð sérfræðings sem mun halda annað námskeið þarf sem farið er dýpra í aðferðir, ævintýraheim og sögugerð nemenda.
- Búið er að koma á fót stóru munasafni í einni kennslustofu.
- Sérfræðingur í *Sandleik og sögugerð* mun vinna í hálfu starfi næsta vetur til að festa verkefnið enn frekar í sessi innan skólans.

- *Sandleikur og sögugerð* verður sett á stundaskrá nemenda næsta vetur í 5 ára bekk, 2. bekk og 6. bekk.

- **Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum**

- Lokaskýrslan um verkefnið verður sett á nýja vefsíðu skólans næsta haust.
- Grein um verkefnið hefur verið skrifuð og verður birt á vefsíðu skólans næsta haust. Ef til vill verður óskað eftir birtingu greinarinnar í Skólavörðunni áður.
- Verkefnið hefur verið kynnt öðrum nemendum og foreldrum í 5 ára bekk, 1. bekk og 5. bekk.
- Unnið var með *Sandleik og sögugerð* á þemadögum Landakotsskóla og þannig kynntust fleiri nemendur og kennarar skólans verkefninu.
- Verkefnið hefur verið kynnt í ERASMUS+ tveggja ára samstarfsverkefni fjögurra landa sem Landakotsskóli tekur þátt í: Student Voices, revitalizing the school system.
- Verkefnið verður kynnt innan skólans á starfsdögum í ágúst n.k.






Á myndinni sjást tveir kassar af fjórum þar sem nemendur eru að vinna. Í bakgrunni má sjá þrjá skápa af fimm þar sem smámunasafn hefur verið sett upp.

Reykjavík 15. júní 2018

Handwritten signature in blue ink, reading "Margrét Sigurðardóttir". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Undirskrift verkefnastjóra

Handwritten signature in blue ink, reading "Mjiljan J. Hannsd.". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Undirskrift skólastjóra